

## Starfslýsing, jafnréttisfulltrúi

---

### Starf

Jafnréttisfulltrúi

### Næsti yfirmaður

Skólameistari

### Starfshlutfall

4 klukkustundir á mánuði á starfstíma skólans.

### Tilgangur og markmið starfs

Jafnréttisfulltrúi fylgir stefnu skólans og aðgerðaráætlun í jafnréttismálum og stýrir starfi jafnréttisráðs. Honum ber að stuðla að góðu samstarfi við starfsfólk og nemendur skólans og veita nemendum, starfsfólki og samstarfsaðilum þær upplýsingar, þjónustu og aðstoð sem í starfinu felst.

### Helstu verkefni

- Sinna formennsku í jafnréttisráði
- Uppfæra og fylgja eftir stefnu skólans og aðgerðaráætlun í jafnréttismálum í samvinnu við jafnréttisráð
- Fylgjast með þróun jafnréttismála innan sem utan skóla
- Hafa frumkvæði að því að skipa í jafnréttisráð
- Leggja reglulega fyrir kannanir meðal starfsfólks og nemenda með það fyrir augum að kanna stöðu jafnréttismála
- Hafa yfirumsjón með fræðslu um jafnréttismál til starfsmanna og nemenda í samvinnu við jafnréttisráð
- Funda ásamt jafnréttisráði með FemMA, Femínistafélagi Menntaskólans á Akureyri, PrideMA og öðrum undirfélögum þegar við á, t.d. í tengslum við réttindamál nemenda og viðburði í félagslífinu og sjá til þess að haldnar séu fundargerðir
- Funda reglulega með stjórn skólafélagsins Hugins
- Skila skýrslu um starfið á skólaárinu

### Ábyrgð

Jafnréttisfulltrúi ber ábyrgð á að verkefni hans eða í hans umsjá verði framkvæmd og innan þess fjárhags- og tímaramma sem hefur verið áætlaður og samþykktur. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við samstarfsfólk. Hann skal sjá um að verkefnin séu vel af hendi leyst, þau séu í samræmi við stefnu skólans og skólasýn, lög og reglugerðir ásamt aðrar reglur sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

## Starfslýsing, jafnréttisfulltrúi

---

### Menntun, reynsla og hæfni

Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

### Annað

Jafnréttisráð er jafnréttisfulltrúa til stuðnings í málefnum sameiginlegum nemendum og kennurum. Ráðinu er ætlað að framfylgja jafnréttisáætlun MA og um leið að vera tengiliður milli nemenda og kennara. Jafnréttisfulltrúi sinnir formennsku í jafnréttisráði en það skal skipa ár hvert. Í því sitja tveir nemendur úr hverjum árgangi af ólíkum kynjum. Forseti hagsmunaráðs situr einnig í ráðinu sem sérstakur jafnréttisfulltrúi stjórnar skólafélagsins Hugins. Þá skulu vera tveir starfsmenn, af ólíkum kynjum, ásamt jafnréttisfulltrúa sem sinnir formennsku. Nemendur skulu aðeins koma að þeim málum sem snerta málefni nemenda beinlínis og er það jafnréttisfulltrúa að túlka hvernær slíkt á við.

Jafnréttisfulltrúa er skylt að rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttysni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er jafnréttisfulltrúa að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en jafnréttisfulltrúi stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Jafnréttisfulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.